

Sigtún. Grundargata 1, (Sölubúð Sigurðar P. Jónssonar) 1935. Landnr:151488 Fastanr: 215-4847


(Fasteignarmat 1940)

Stærð lóðar 850m2. stærð húss. L: 10 x b: 9,6 vegghæð frá kjallara að grunni 2,5.

Steinsteypt ein hæð kjallari undir helming. Útveggir steyptir þak úr járni, gólf úr steini svo og skilrúm.

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)


Eigandi Haraldur Guðmundsson. Útveggir úr steinsteypu, valmaþak járnklætt. Öll loft gólf, skilveggir og tröppur úr steinsteypu nema efsta plata. Kjallara skipt í tvö hólf stærð 10.00 x 4,40 x 2,30. Fyrstu hæð skipt í 7 hólf og stiguppgöngu úr kjallara. Annarri hæð skipt í 7 hólf og stigahúsi. Stærð: 10,00 x 9,60 x 6,60 og 2,50 x 2,30 x 5,50. Alls 247,5 m2 og 766,4 m3.



Stutt saga hússins:

(Drög að byggingarsögu hússins. Hjörleifur Stefánsson, arkitekt, febrúar 2001.)

Íbúðarhúsið Sigtún var reist árið 1937 skammt sunnan við samkomuhúsið. Í fyrstunni var húsið einnar hæðar með lágu skúrbaki. Eigandi þess var Sigurður P Jónsson kaupmaður. Sveinbjörn Jónsson í Ofnasmiðjunni er talinn hafa teiknað húsið fyrir hann árið 1935, en húsið ber vissulega nokkuð svipmót annarra húsa sem Sveinbjörn teiknaði um þessar mundir. Um 1945 – 1946 hækkar Sigurður húsið um eina hæð. Hann bjó eftir það á efri hæðinni og rak verslun sína á neðri hæðinni fram um 1970. Sigurður tók mikinn þátt í starfi Ungmennafélagsins. Um 1970 eignaðist Haraldur Guðmundsson rafvirkri húsið. Hann bjó á efri hæðinni og rak rafmagnsverkstæði á neðri hæðinni þar sem verslun Sigurðað hafði verið.



Við austurhlið Sigtúns var reist viðbygging með stiga milli fyrstu og annarrar hæðar þegar húsið var hækkað. Við suðurhlið hússins var á sama tíma reist útbygging með forstofu framan við suðurdýr fyrstu hæðar og ofan á henni svalið. Dalvíkurbyggð keypti Sigtún af Haraldi árið 1999 og var meinингin að neðrihæð hússins yrði nýtt sem anddyri og afgreiðsla fyrir samkomuhúsið. Það varð aldrei en á árunum 2000 til 2014 var rekin handverksverslun á neðrihæðinni en efrihæðin hefur verið leigð út til listafólks og Leikfélags Dalvíkur. Árið 2016 keypti fyrirtækið Gísli, Eiríkur, Helgi ehf. Húsið og rekur þar veitingahús.

Athugasemd um húsið:

Húsið er frekar illa útlítandi og þarfnað endurbóta. Bílskúr var byggður 1940 á bakvið íbúðarhúsið (fastanúmer 215-4848)



Athugasemd um umhverfi húss: landnúmer 151488

Stærð lóðar er 325,0 m2 í eigu Dalvíkurbyggðar. Húsið stendur alveg fram við gangstétt að sunnan og fast við samkomuhúsið að vestan og mjög nálægt Dalbæ að austan, svo húsið er aðþrengt. Á baklöðinni er bílskúr og ekkert annað.

Eigenda og íbúaskrá		
<i>Tímabil</i>	<i>Eigendur, íbúar</i>	<i>Börn</i>
1935-196?	Sigurður P. Jónsson	
1953?-1967	Petrína Jónsdóttir	
1953?-1967	Jóhannes Árskog Jórunn Sigurðardóttir	
1967-1999	Haraldur Guðmundsson Ingibjörg A Helgadóttir	Helga Dýrleif (1950) Ingvar (1953) Guðmundur (1966) Hjörleifur Már (1967) Sigríður Björg (1969)
1967-1999	Helga Dýrleif Haraldsdóttir	Ragnar Stefánsson (1967)
1999	Dalvíkurbyggð	
2016	Gísli, Eiríkur, Helgi ehf.	

Ás 1916, Jóns Björnssonar hús, síðar Gamli skóli, Grundargata 2.
Landnr: 151489 Fastanr: 215-4849

(*Saga Dalvíkur II bindi, bl. 403 (eins og staðan var 1918)*)

Eigendur og húsráðendur Jón Björnsson rithöfundur og k.h. Dýrleif Tómasdóttir. - Íbúðarhús úr steinsteypu með kjallara, 12 x 10 álnir.

(saga Dalvíkur III bindi, bl. 289 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936))

Gamli skóli. (l: 7,8 – b: 6,4 – h: 5,25) Tveggja hæða steinhús. Neðri hæð fjögur herbergi. Uppi voru tvær kennslustofur 1932. – borða- og pappírsþak; klætt bárujárni. Kolakynding. Rafmagn til ljósa. Viðbygging. (l: 2,5 – b: 2,5 – h: 4,0) úr sama efni og aðalhús. Tvær hæðir.

Önnur viðbygging. (l: 3,0 – b: 2,5 – h: 4,0). Úr timbri. Tvær hæðir. Notað til íbúðar 1936.



(*Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar*)

Steinhús – tvilyft á grunni. Þar urðu miklar skemmdir og húsið óbyggilegt. 2 íbúar voru þá heimilisfastir. Húsráðendur; Björgvin Vigfússon og Þorbjörg Sigurðardóttir.

Stutt saga húss:

Húsið var byggt 1916. Eigendur og húsráðendur voru Jón Friðrik Björnsson rithöfundur og k.h. Dýrleif Tómasdóttir. Það er steinsteypubygging, 7,7 x 6,3 m að utanmáli, 2 hæðir með lágu risi. Þak úr plægðum borðum og tjörupappaþaki yfir. Veggþykkt á neðri hæð 30 cm. Við vesturstafn var eldiviðarskúr 2,85 x 2,26 m. Yfir eldiviðarskúrnum var forstofa við efri hæðina 2,26 x 1,94 m.

Árið 1918 fluttu Jón Friðrik og Dýrleif til Reykjavíkur og um haustið ákvað fræðslunefnd að kaupa íbúðarhús þeirra, sem boðið var til sölu. Fór fram viðgerð á því og miklar endurbætur. Kennsla hófst á þessum nýja stað haustið 1918. Í lýsingu skólahússins frá 1919 segir: "Eftir húsinu endilöngu á neðri hæð er skilrúmsveggur úr steinsteypu, og undir suðurhlíð er búist við að útbúa kennslustofu síðar, þegar kennslustofan á efri hæð verður of lítil. Það þarf að stækka gluggana, því þeir eru langt um og litlir. Á efri hæð eru útveggir, 23 cm þykkir, innveggir 2 cm þykk plægð borð, klædd með málum pappa í kennslustofu, en veggjapappír í hinu herberginu. Rúmið milli út- og innveggja er 10 cm, fyllt með muldum mó. Notað til íbúðar 1936." (Saga Dalvíkur III, bl. 75).



Þórarinn Kr. Eldjárn á Tjörn og Tryggvi Kristinsson kenndu við skólann frá byrjun og árið 1919 bættist svo Ingimar Óskarsson í hópinn. Þórarinn kenndi á Dalvík til ársins 1920 en tók þá við Grundarskóla. Eftir að Tryggvi hættir sem skólastjóri á Dalvík 1924, tók Helgi Símonarson við sem skólastjóri barnaskólans á Dalvík og gegndi því starfi í two áratugi. Skólinn var starfræktur í Ási, Grundargötu 2. til ársins 1933 en þá var nýja skólahúsið tilbúið til notkunar. Húsið hefur verið notað til íbúðar allar götur síðan.

Þorsteinn Jóhannesson og kona hans Kristín Daníelsdóttir bjuggu í Hamarskoti eða á þeim hluta þess sem nefndist Steinholt frá 1912 – 1916. Fluttu til Dalvíkur 1918 og bjuggu um tíma í Grundargötu 2. uns þau fluttu til Reykjvaríkur.

Björgvin Vigfússon flutti frá Urðum þar sem hann hafði verið vinnumaður í nokkur ár til Dalvíkur ásamt konu sinni Þorbjörgu Sigurhjartardóttur frá Urðum. Þau flutt inn í gamla skólann, Ás og bjuggu þar til ársins 1934 en fluttu þá og gerðust vinnufólk á Korpúlfssstöðum.

Jóhann Páll Jónsson og kona hans Anna Jóhannesdóttir bjuggu í Lækjarbakka 1933 til 1934 en fluttu þá til Dalvíkur og keyptu Ás. Jóhann var búfræðingur að mennt, og fékkst við kennslustörf, hélt m.a. smábarnaskóla á Dalvík árin 1931 – 36. þau Jóhann og Anna bjuggu á Ási til æviloka.

Tryggvi Valdimarsson var fæddur á Syðri-Másstöðum í Skíðadal, en var lengi sjómaður og vélstjóri á bátum á Suðurnesjum, en eftir að hann missti annan fótinn í slysi um borð í togara úti fyrir vestfjörðum flutti hann aftur heim til Dalvíkur og lagði m.a. stund á skósmíði. Hann bjó um tíma í Ási ásamt konu sinni, Bjarney Magnfríður Bjarnadóttir.

Jón Björnsson keypti Ás af Jóhanni Páli Jónssyni árið 1944 og bjó þar ásamt sambúðarkonu sinni, Gunnhildi Tryggvadóttur frá Svertingsstöðum í Eyjafirði. Þau bjuggu á efrihæðinni en Jón hafði smíðaverkstæði á neðrihæðinni. Jón og Gunnhildur bjuggu í Ási til ársins 1953 en fluttu þá í Dröfn og bjuggu þar á meðan þau byggðu sér hús við Stórhólsveg.

Gunnlaugur Rósant Þorsteinsson og kona hans Jónína Solveig Guðlaugsdóttir bjuggu á Hamri frá 1925 -1953 en keyptu þá Ás af Jóni Björnssyni og bjuggu þar til æviloka. Þau áttu ekki börn en fósturdóttir þeirra var Jónína Gunnlaug Jóhannesdóttir (systurdóttir Jónínu). Jónína Guðlaug giftist Sigurði Antoni Árnasyni frá Hjalteyri og eignuðust þau dótturina Helgu Kristínu. Jónína Guðlaug dó aðeins 23 ára gömul og ólst Helga dóttir hennar upp hjá fósturafa sínum og ömmu.

Sigurbjörg Gestsdóttir keypti Ás árið 1980. Hún léttaka kjallara hússins í gegn, gerir þar bað- og svefnherbergi auch hols og opnar milli efri og neðri hæðar. Skipt var um alla glugga í húsinu og þeim breytt. Árið 1988 hefur Sigurbjörg svo makaskipti á húsum við Stefán Þorsteinsson, seinna á Jarðbrú. Stefán bjó aldrei í Ási og seldi Gestu Jóhannesi Árskógi húsið sama ár og hann eignaðist það. Gestur átti húsið og bjó í því til ársins 2000 en seldi þá Birni Zoéga Björnssyni og Guðbjörgu Guðjónsdóttur Ás, og áttu þau það til ársins 2005. Síðan þá hafa verið margir eigendur af Ási og margir búið í því, oftast stuttan tíma í einu. Núverandi eigandi hússins er Íbúðalánasjóður.

Athugasemd um hús:

Húsið er mjög vel byggt og hefur haldið útliti sínu alla tíð, þó hefur gluggum verið breytt á því.

Húsið er friðað samkvæmt lögum um menningarminjar vegna aldurs þess.



Athugasemd um umhverfi húss:

Húsið Ás stendur á hornlóð við gatnamót Skíðabrautar og Grundargötu. Lóðin er 330,0 m² leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Malarbílaplan er framan við húsið. Ágæt lóð með trjám og gróðurflöt.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1916-1918	Jón Friðrik Björnsson, rithöfundur Dýrlieif Tómasdóttir	
1919-1922	Hallgrímur Gíslason sjómaður, Gíslabúð Hansína Jónsdóttir frá Miðkoti	<i>Stefán (1911)</i> <i>Jónas (1912)</i> <i>Gísli (1914)</i> <i>Guðrún Jóhanna (1917 dó 1919)</i> <i>Jóhanna Guðrún (1919)</i> <i>Kristinn Hólmfred (1922)</i>
1918-1924	Kristinn Tryggvi Kristinsson, kennari (Nanna Arngrímsdóttir) dó 1908	<i>Kristín Hólmfríður (1906)</i> <i>Unnur (1907)</i>
1920	Jóhann Þorsteinn Jóhannesson Kristín Emilía Daniélsdóttir k.h.	<i>Sigurhjörtur Friðrik (1896)</i> <i>Jóhannes (1900)</i> <i>Anna (1902)</i> <i>Daniel (1909)</i>
1928-1934	Björgvin Vigfússon Þorbjörg Sigurhjartardóttir	
1934-1945 -1940	Jóhann Páll Jónsson Anna Jóhannesdóttir	<i>Sigurbjörg (1908)</i> <i>Guðrún (1910)</i> <i>Jóna Júlíana (1913)</i> <i>Valdimar (1915)</i>
1936?-	Tryggvi Valdimarsson, Bjarney Magnfriður Bjarnadóttir	<i>Savar (1916)</i> <i>Vilborg (1923)</i> <i>Valdimar (1926)</i>
1944-1953	Jón Björnsson Gunnhildur Tryggvadóttir	<i>Hjálmar Örn (1932)</i> <i>Brynjar Hreinn (1935)</i> <i>Rafn Birnir (1940)</i> <i>Bragi Jóhann (1941)</i> <i>Gunnar Jón (1946)</i> <i>Ágústína Guðrún (1949)</i> <i>Auður Guðný (1950)</i>
1953 - 1978	Gunnlaugur Rósant Þorsteinsson	<i>Jónína Gunnlaug Jóhannesdóttir</i>
1953-1980	Jónína Solveig Guðlaugsdóttir	<i>(1923) fósturdóttir</i> <i>Helga Kristín Sigurðardóttir (1944)</i>
1944 - 70	Helga Kristín Sigurðardóttir	<i>Árni Finnsson (1963)</i>
1968 - 70	Karl Sævaldason	<i>Jónína Gunnlaug (1968)</i> <i>Anna Guðný (1969)</i>
1953 - 1956	Hallur Jóhannesson	
1980 - 88	Sigurbjörg Gestsdóttir Geir A Guðsteinsson	<i>Logi Kjartansson (1975)</i> <i>Guðrún Geirsíðóttir (1983)</i>
1988	Stefán Þorsteinsson	

1988-2000	Gestur Jóhannes Árskög	<i>Erla Björk Árskog (1988)</i>
1988-1992	Guðý Arngrímsdóttir	
1996-2000	Lillja Bára Kristjánsdóttir	<i>Katla Rún Árskog (1997)</i>
2000-2002	Merian Castberg Andersen	<i>Sólveig María Albertsdóttir (1991)</i>
2002-2004	Eggert Briem Bryndís Ósk Björnsdóttir	<i>Björn Októvius Briem (2000)</i>
2000-2005	Björn Zoéga Björnsson Guðbjörg Guðjónsdóttir	
2005	Svanlaug María Ólafsdóttir	
2005	Ellen Kristjánsdóttir	
2005 -2007	Anna May Carlson Guðjón Traustason	
2006-2007	Arkadiusz Sobczak Edyta Irena Adameczek Pawel Pieczynski	
2007-2008	Íbúðaláñasjóður	
2007-2009	Grzegorz W. Majsterkiewicz	
2007-2011	Vineta Vlasova	
2010-2011	Ainars Krams	<i>? Krams (2010)</i>
2008-2012	Black Munke ehf	
2009-2010	Aigars Jansons Ilse Blake Oskars Grinbergs	
2010-2011	Emil Kristinn Briem	
2011	Skapti Þór Runólfsson Emmi Tuulia Kalinen	
2012	Íbúðaláñasjóður	

Dalbær 1930 (Stefánshús), Grundargata 3.

Lnr: 151490

Fnr: 2154850

(*saga Dalvíkur III bindi, bl. 294 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936)*)

(l: 9,0 – b: 7,0 – h: 5,7) Steinhús með járnklæddu þaki. Fimm herbergi. Miðstöðvarhitun. Rafmagn til ljósa (1932)



F.v.: Kaffihúsið Dröfn, Dalbær, hús U.M.S.F., Jobbabúð og lengst til hægri e smíðja Kristins Jónssonar.

(*Fasteignarmat 1931*) **Stefánshús:**

Lóð 300 m² ógirt leigulóð. Hús 9,0 x 7,0 m. Veggjarhæð frá grunni 3,5 m rishæð 2,5 m. Ekki kjallari. Hús af steinsteypu. Þak af timbri klætt "kopar". Einn reykháfur. Verður notað til íbúðar. byggt 1929 ekki fullgert. Eigandi Stefán Kristinsson, sjómaður Dalvík.

(*Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar*)

Portbyggt steinhús á grunni. Stórkemmdist – óibúðarhæft. Þarfnað mikilla viðgerða. Þarf að sperra við kvist. Íbúar 3. Húsráðendur; Stefán J T Kristinsson og Þóra Antonsdóttir

(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986*)

Steinsteypt hús með járnklæddu þaki, 0,8 m port, ris og kvistur. Öll loft, gólf, skilrúm og stigi úr timbri. Íbúð og bílageymsla. Ris skipt með timburskilrúmum í 5 herbergi og gang. Hæð skipt með timbri í 8 herbergi, forstofu og gang með uppgöngu á rishæð. Stærð: L- 8,8 B- 7,45 H 4,55 m. Viðbygging L- 7,0 B- 1,75 H- 4,55 m. Viðbygging L- 2,0 B- 2,1 H- 2,3 m. Áfast húsinu er byggður bílskúr úr timbri. Stærð: L- 8,0 B- 5,0 H- 3,0 m. Eigandi Pálrúm Antonsdóttir.

40,0 m² bílskúr byggður 1980



Stutt saga húss

Húsið byggði Stefán J. T. Kristinsson verslunarmaður og gjaldkeri og kona hans Þóra Antonsdóttir frá Hamri. Hús af steinsteypu. Þak af timbri klætt "kopar". Einn reykháfur. Húsið skemmdist mikið í skjálftanum 1934 og var það um tíma óibúðarhæft. Þau Stefán og Þóra áttu húsið til ársins 1969 þegar Árni Antonsson, bróðir Þóru sem var lengi bóndi á Hrísum, eignast húsið. Þau Hrídasystkinin Árni, Anton, Freyja og Pálrún bjuggu saman í Dalbæ meðan þau lifðu. Pálrún Antonsdóttir eignaðist húsið að systkinum sínum gengnum árið 1970 og bjó þar til ársins 2010, en þá keypti Anton Ingason Dalbæ. Hann hefur endurskipulagt húsið að innan og unnið að margskonar endurbótum.



Athugasemd við hús

Húsið hefur breyst á ýmsa lund þótt lögun þess sé að mestu hin sama. Eitthvað hefur það verið einangrað innan frá og haldið ágætlega við. Byggður var nýr inngangur vestan við húsið 1971 og bílskúr 1980. Gluggar endurnýjaðir um 2000 og lagaðar mûrskemdir 2011.

Húsið er hluti af merkilegri heild sem ber að varðveita.

Athugasemd við umhverfi húss

Núverandi eigandi hefur gert mikinn steinsteyptan sólpall með timburdekki og blómaköllum sunnan við húsið.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur / íbúar	Börn
1930-1968	Stefán Jón Tryggvi Kristinsson (1898-1968) Þóra Antonsdóttir (1899-1979)	Áki (1930)
1968-1975	Árni Antonsson (1889-1982) Freyja Antonsdóttir (1894-1979) Vilhelm Anton Antonsson (1897-1985)	Pálrún (1925)
1975-2009	Pálrún Antonsdóttir (1925-2014)	
2009 og enn	Anton Ingvason (1961)	

(*saga Dalvíkur II bindi, bl. 403 (eins og staðan var 1918)*)
 Eigendur og húsráðendur Jón Valdimarsson frá Jarðbrú og k.h. Sigurveig Sigurðardóttir frá Kóngsstöðum. Albróðir hennar var Stefán Helgi formaður og smiður á Dalvík. – Torfbær fram um 1930, er steinhús það var reist, sem nú stendur.



(*saga Dalvíkur III bindi, bl. 289 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936)*)

(l: 7,0 – b: 5,5 – h: 4,8). Íbúðarhús úr steinsteypu, ein hæð, port og ris. Borða- og pappaþak, klætt bárujárn. Aðalhæð skipt með timburskilrúnum í fjögur herbergi, forstofu m/ uppgöngu á lofthæð. Þar tvö herbergi og geymsluklefni. Olíuhitum. Rafljós (1935).

Útbygging (l: 1,5 – b: 2,6 – h: 4,8 m).

(*Fasteignarmat 1931*) Jónshús:

Lóð 330 m² ógirt leigulóð. Hús 6,9 x 5,63 m. Veglhæð frá grunni 2,8 m. Rishæð 2,0 m. Ekki kjallari. Hús af steinsteypu. Þak af timbri pappaklætt. Loft, gólf og skilrúm úr timbri. Ofnar og einn steyptur reykháfur. Hús byggt 1927 tæplega fullklárað. Eigandi Jón Valdimarsson, sjómaður Dalvík

(*Úr Svarfdælingum II bindi bl. 471*)

Þurrabúð byggðá Dalvík eða Böggvisstaðasandi um 1916. Fyrst kölluð Jónsbúð eftir þeim sem reisti hana. Þarna var lítt torfbær til um 1930 er þar var reist steinhús.



(*Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar*)

Einlyft steinhús – þiljað innan. Lítið skemmt – íbúðarhæft. Þarf aðeins að lagfæra reykháf. Húsráðendur; Ekkjan Sigurveig Sigurðardóttir.

Stutt saga húss

Sægrund var þurrabúð byggð á Böggvisstaðasandi um 1916. Fyrst kölluð Jónsbúð eftir þeim sem reisti hana Jóni Valdimarssyni frá Jarðbrú. Þarna var lítt torfbær til 1927 þegar jón hófst handa við að reisa íbúðarhús úr steinsteypu, ein hæð, port og ris. Borða- og pappaþak, klætt bárujárn. Aðalhæð skipt með timburskilrúnum í fjögur herbergi, forstofu með uppgöngu á lofthæð. Þar tvö herbergi og geymsluklefni. Einn steyptur reykháfur. Kona Jóns var Júlíana Sigurveig Sigurðardóttir frá Kóngsstöðum. Jón var sjómaður og drukknaði þegar vílbáturinn Fram fórst með allri áhöfn 4. nóv. 1933. Sigurveig bjó áfram í Sægrund með börnum sínum 11 eftir lát manns síns og allt fram yfir 1944. Eftir að Sigurveig flutti úr Sægrund bjuggu þá Garðar Guðnason matsveinn og kona hans Þorbjörg Jónsdóttir frá 1944-1952. Friðjón Kristinsson og kona hans Friðrika Guðjónsdóttir keyptu Sægrund 1953 og áttu hana þar til Ingimar Guttormsson og Jóhanna



Jónasdóttir fluttu frá Skeggstöðum og kaupa Sægrund 1964. Jónas, sonur Ingimars og Jóhönnu, eignaðist húsið eftir foreldra sína 1995 og átti það þangað til hann selur núverandi eigendum Kent Jörgensen og Björk Ottósdóttur. Þau nota húsið sem frístundahús.

Athugasemd við hús

Litlar breytingar hafa verið gerðar á húsinu í Sægrund fyrir utan hefðbundið viðhald. Þó hefur verið skipt um járn á þaki hússins. Húsið er hluti af heild sem ber að varðveita.

Athugasemd við umhverfi húss

Nokkur stór garður en engin tré. Steinsteypst stétt er framan við húsið. Á lóðinni stendur steinsteyptur skúr með bárujárnsklæddu skúrbaki. Skúrinn er byggður árið 1930 eins og íbúðarhúsið.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur / íbúar	Börn
1916-1933 1916-1944	Jón Valdimarsson (1887-1933) Júlíana Sigurveig Sigurðardóttir (1892-1975)	Sigvaldi (1910 dó 1932) Rósa (1912) Sæmundur Þorlákur (1915) Þorbjörg (1916) Hreinn (1918) Aðalheiður (1920) Friðhólm Kristinn (1923) Reynir (1925) Kári (1928) Viðar (1930) Sigvaldi (1931) Héðinn (1932)
1944-1952	Garðar Guðnason (1909-1983) Þorbjörg Jónsdóttir (1916-1994)	
1953-1957	Aðalberg Pétursson (1930-2016)	
1953-1963	Friðjón Kristinsson (1925-2001) Friðrika Margrét Guðjónsdóttir (1916-2009)	Elsa Björg (1951) Sveinbjörn (1954)
1964-1995	Ingimar Guttormsson (1905-1994) Jóhanna Sigurbjörg Jónasdóttir (1904-1992)	Guðrún Jónína (1931) Jónas Auðunn (1937) Steingerður (1942)
1995-2016	Jónas Auðunn Ingimarsson Kent Jörgensen Friðrikka Björk O. Dietrichson	

Harðangur 1919 (fyrir þórustaðir og Kristinshús) Grundargata 7

Fastanúmer: 215-4855 / landnúmer: 151492

(Fasteignarmat 1931)

Lóð 696 m²- meðtalin lóð undir smiðju ógirt leigulóð. Hús 6,25 x 5,0 m hæð frá kjallara 3,13 m, rishæð 2,0 m. Kjallari undir húsinu. Hús af steinsteypu, þak af timbri, járnklætt. Gólf, loft og skilrúm af timbri. 1 íbúð, 4 herbergi. Vatnsveita, miðstöð og einn reykháfur. Húsið rakalaust og hlýtt. Úti hús: steinsteypuskúr áfastur við íbúðarhús 5,0 x 5,0 m af steinsteypu, pappi á þaki og steypt gólf. Byggt 1927 eigandi Kristinn Jónsson járnsmiður.



Harðangur fyrir 1930

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

Einlyft steinhús á kjallara nær óskemmt. Athuga reykháf. Húsráðendur; Kristinn Jónsson og Þóra Jónsdóttir.

(Saga Dalvíkur III bindi, bl. 294 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936))

(l: 6,5 – b: 5,0 – h: 7,2) Steinhús, ein hæð með kjallara, porti og risi. Kjallari þrjú herbergi, aðalhæð þrjú, á lofhæð tvö. – Öll herbergi máluð eða veggfóðruð. Miðstöðvarhitun. Rafmagn til ljósa (1932). Fjós, mykjuhús, hlaða (l: 5,5 – b: 5,0 – h: 4,4) Úr steinsteypu. Járnsmíðaverkstæði (l: 7,7 – b: 4,5 – h: 3,0) Úr steinsteypu. (1932).



Harðangur um 1970

Stutt saga húss:

Kristinn Jónsson járnsmiður bjó á Ingvörum 1906 – 31 og átti jörðina, en sat hana ekki nema að hluta síðustu fjögur árin og bjó þá á Dalvík, því þangað flutti hann 1927 og byggði þá húsið Harðangur og átti þar heima til æviloka ásamt seinni konu sinni, Þóru Jóhannesdóttur. Jafnframt búskapnum stundaði hann iðn sína alla tíð og kom sér upp vélaverkstæði áfast húsinu 1930 og rak það til æviloka. Steinsteyp hús, þak járnklætt með háu risi. Öll loft, skilrúm, stigi og gólf úr timbri. Kjallara skipt með timbri í 3 herbergi og forstofu. Ris skipt með timbri í 3 hólf. Hæð skipt með timbri í 2 herbergi og forstofu með uppgang á rishæð. Þóra bjó í húsinu eftir að Kristinn fell frá 1941. Þórlaug dóttir þeirra tók við húsinu og bjó þar allan sinn búskap ásamt manni sínum, Friðriki Sigurjónssyni meðan hans naut við, en hann fell frá 1951. Þórlaug seldi afkomendum sínum Harðangur árið 2002 þegar hún flutti á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík. Síðan þá hefur húsið verið nýtt sem frístundarhús. Árið 2016 keypti Dóra Rögnvaldsdóttir Harðangur.



Harðangur 2014

Athugasemdir um hús.

Húsið hefur haldið sínu upprunalega útliti alla tíð ef frá er talið að gluggum hefur verið breytt. Upphaflega voru gluggar með krosspóstur en eftir 1970 var þeim breytt og settir nýir gluggar með einum liggjandi pósti sem skipti glugganum í stórt hólf að neðan og lausu fagi í efra hólf. Húsinu hefur verið haldið ágætlega við.



Harðangur 2014

Áfastur því er skúr eða skemma sem var byggð sem járnsmíðaverkstæði 1930.

Miklar endurbætur voru gerðar á húsinu að Grundargötu 7 2016. Innanstokks er flestu hreyft.

Milliveggir fjarlægðir eða fluttir til, allar raflagnið endurnýjaðar svo og allar skólp, vatns- og hitalagnir.

Veggfóður á útveggjum var tekið en panell láttinn halda sér. Skipt um alla glugga og þeim breytt þannig að settir voru gluggar með krosspóstum eins og upphaflega voru í húsinu. Byggð var álma norður úr húsinu, steinsteyptur kjallari og hæð, sem inniheldur bað, þvottahús. Sett var einhalla þak til bráðabyrða, en fyrirhugað er að setja ris úr timbri ofaná viðbygginguna og þar verði vinnurými. Alls 9,5 m² að grunnfleti.



Harðangur 2016

Athugasemdir um umhverfi húss.

Húsið stendur í 394,0 m² lóð í eigu dalvíkur-byggðar. Í garðinum er enginn trjágróður en bletturinn snyrtilegur og er hann sleginn og ræktaður. Við steyptar útitróppur er steypt stétt.

Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur / íbúar	Börn
1927-1941 1927-1982	Jón Kristinn Jónsson Þóra Jóhannesdóttir	Guðrún Aðalheiður (1913) Þórlaug Ingibjörg (1918)
1937-1951 1976-2007	Friðrik Þorbergur Sigurjónsson Þórlaug Ingibjörg Kristinsdóttir	Arnfinnur (1939) Jóna Kristín (1941) Gunnar M Friðriksson (1944) Friðrik Reynir Friðriksson (1949) Irma Ingimarsdóttir (1954)
1956-1992	Irma Ingimarsdóttir	Silja Pálsdóttir (1971) Bjarmi Fannar Hannesson (1987)
1976-2002	Guðrún Aðalheiður Kristinsdóttir	
2002-2003	Kristinn Gestson	
2002-2007	Loreley Gestsdóttir	
2002-2007	Þóra Gestsdóttir	
2002-2016	Álfhildur Gestsdóttir	
2002-2007	Sigurbjörg Gestsdóttir	
2002-2007	Kári Björn Gestsson	
2003-2007	Ásdís Gísladóttir	
2007-2016	Linda Mjöll Gunnarsdóttir	
2016 og enn	Dóra Rögnvaldsdóttir	

Frón 1896. Grundargata 15, (Íshúsið, seinna Ungmennafélagshús, íbúðarhús Péturs Baldvinssonar,)

Landnr:151497

Fastanr:215-4861

Frón, Grundargata 15 á Dalvík, var byggt 1896 og telst vera elsta húsið á Dalvík. Upphaflega var húsið einlyft timburhús með steyptri undirstöðu. Þakið var risþak með bárujárnsklæðningu. Breytingar hafa verið gerðar á húsinu í nokkrum áföngum en 1918 var því breytt í íbúðarhúsnaði sem það hefur verið upp frá því.

Húsið hefur mikið varðveislugildi og í skýrslu um húsaskráningu í Dalvikurbýggð 1. áfanga er lagt til að húsið sé verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi.




Angantýsbúð framar og Frón aftar

(*Saga Dalvíkur I bindi, bl 318*)

Hinn 26. júlí 1896 ritar Jóhann oddviti á Hvarfi í dagbók sína: Hreyfing að vakna með íshúsbyggingu hér á Sandinum. Hafði Ísaak Jónsson komið að álita og segja fyrir því, sem helst virtist þurfa til fyrstu framkvæmda. Chr. Havsteen kaupstjóri ræður fastlega til slíkra framkvæmda og lofar að styrkja fyrirtækið að mun í bráðina frá Gránufélagi...."

Hinn 30. júlí ritar Jóhann enn: "Fór ég seinnipart dags ofan á Sand til að ræða íshúsbyggingu með úthaldsmönnum".

Hinn 24. nóvember er svo Íshúsið fullbyggt og tekið í notkun. Þó má vera, að skúr við það hafi verið reistur nokkru síðar, að minnsta kosti endurbættur og svo íshúsið, og vann Gísli smiður á Hofi að því. Hús þetta var mikið og veglegt að þeirrar tíðar mati, traust timburbygging, járnvarin, 15 x 9 álnir. Íshúsið gegnir um sinn miklu hlutverki í útgerðarsögu á þessum slóðum, en varð síðar um áratugaskeið aðalsamkomustaður Svarfdæla, eftir að það komst í eigu ungmannafélags þeirra og var þá skírt upp, nefnt Ungó í daglegu tali, 1909.



Frón um 1980

(*Saga Dalvíkur III bindi, bl. 72*)

Veturinn 1907 - 1908 kenndi Angantýr Arngrímsson á Dalvík og honum til aðstoðar var Stefán Jónsson, Brimnesi. Og var þá í síðasta sinn kennt samkvæmt hinu gamla fyrirkomulagi. Um áramótin hófst kennsla í Bindindisfélagshúsi, sem síðar nefndist Ungó í daglegu tali, síðar Frón. Byggt var við húsið haustið 1907, og lauk þeirri smíði að mestu um áramótin næstu á eftir. Fór skólahald á Dalvík síðan fram á húsi þessu rúman áratug.

(*Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar*)

Tvílyft tréhús á steyptum grunni. Engar skemmdir. Húsráðendur; Þorvaldur Baldvinsson og Sigríður Sigurðardóttir.

(*Saga Dalvíkur III bindi, bl. 292 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936)*)

(l: 9,5 – b: 5,7 – h: 6,2) Timburhús á steinsteyptum grunni. Ein hæð, port og ris m/kvisti. Hæðinni skipt m/timburskilrúmi í tvö geymsluherbergi. Lofthæð skipt m/timburskilrúnum í fimm herbergi. Útbygging: (l: 3,1 – b: 2,9 – h: 6,2) Úr sama efni.

Timburskúr: (l: 5,7 – b: 4,2 – h: 2,5) Áfastur íbúðarhúsini. Allt bárujárnklett. Kolaofnar til ljósa.



Stutt saga húss:

Húsið var byggt sem íshús 1896 af svarfdælskum bændum og úthaldsmönnum og var rekið sem slíkt fram yfir aldamótin 1900. Bindindisfélagið eignaðist þá húsið og notaði sem samkomuhús. Árið 1907 var byggt við húsið og það tekið undir kennslu þar til skólahald flyst upp í Ás haustið 1918. Ungmennafélag Svarfdæla eignaðist húsið 1909 og á það þar til Pétur Baldvinsson eignast það um 1918. Seinna kaupa Þorvaldur Baldvinsson og Sigríður Sigurðardóttir kona hans Frón. Baldwin Guðlaugur sonur þeirra bjó með foreldrum sínum og átti húsið með þeim þar til húsið var selt Kára Leifssyni 1963. Þá bjuggu þar einnig Gestur Sigurðsson og Jónína Sigurpálsdóttir. Baldwin Þorsteinsson bjó í Fróni til ársins 1969. Hann lést 1970. Hreiðar Leósson og Jóna Aðalsteinsdóttir keyptu af Kára 1981. Sesselja Benediktsdóttir og Ólafur Nilsson leigðu neðri hæð hússins af Kára og bjuggu þar í tvö ár eftir að Hreiðar og Jóna kaupa. Þau áttu húsið til 1994 en seldu þá dóttur sinni Elínu Ásu og hennar manni Ara Jóni Kjartanssnyi húsið og eru þau eigendur hússins í dag.



Frón árið 2011

Athugasemdir um hús:

Þegar Hreiðar keypti húsið var það algjör hjallur og hálf ónýtt. 1982 fékk hann stækkan á lóð 5 m til vesturs. 1983 fékkst leyfi til að skipta um glugga og klæðningu. Það var steyptur sökkull undir húsið en strax 1983 byrjaði Hreiðar að endurbyggja húsið og steypti nýja botnplötu. Þegar forskalningin var brotin utan af húsinu kom í ljós, eins og grunur lék á um, að grindin var fúin og ónýt svo það þurfti að skipta henni nánast allri út. Hann fékk við úr gömlu bryggjunni sem var verið að rífa og notaði í burðarvirki. Allar raf- og vatnslagnir endurnýjaðar og húsið nánast endurbyggð frá grunni en þó eins og gamla húsið var. Húsið var klætt utan með harðtex-plötuklæðningu. Árið 1985 fékkst leyfi til að stækka bílskúr. Skúr norðan við húsið var stækkaður og byggður í sama stíl og sá sem fyrir var. Pakið var endurnýjað.



Frón árið 2011

Eins og fram kemur hér að ofan þá verður upphaf þessa húss rakið til ársins 1896 og því er það friðað samkvæmt lögum um Menningarminjar vegna aldurs. Mælt er með því að eigendur hússins leiti eftir samráði við Minjastofnun Íslands um rannsókn á húsinu.

Athugasemdir um umhverfi húss:

Frón stendur á 574,4 m² leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Lóðin og húsið hefur legið undir ágangi af sandfoki síðustu áratugina. Settur var timbur skjólveggur á lóðarmörkum að norðan. Nú alveg síðustu árin hefur tekist að hefta sandfokið nokkuð. Austan við húsið hefur verið hellulagt bílaplan. Sunnan og austan húss er einnig há timburskjólveggur.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur	Börn
1896	Svarfdælskum bændum og úthaldsmönnum	
1905?	Bindindisfélagið Fram	
1909	Ungmennafélag Svarfdæla	

1918-1933	Pétur Baldvinsson	
1933-1967 -1963	Þorvaldur Baldvinsson (dó 1967) Sigriður Sigurðardóttir (dó 1963)	Baldvin Gunnlaugur (1905)
-1969	Baldvin Gunnlaugur Þorvaldsson (dó 1970)	
1950-1960	Gestur Sigurðsson Jónína Sigurpálsdóttir	Hanney Árnadóttir (1940) Snorri (1943) Signý (1944) Sigurpáll (1951)
1963-1981	Kára Leifssyni (bjó aldrei í húsinu)	
1965-1970	Hallur Jóhannesson	
1970-1972	Valdimar Sigtryggsson	Haukur S (1948)
1970-1973	Haukur S Valdimarsson Margrét Kristinsdóttir	(1972)
1973-1974	Örn Ingólfsson Lovísa Guðrún Jóhannsdóttir	Pétur Reynir Jónsson (1972) Signý (1973)
1974-1974 -1977	George Bagguley Pórdís Helga Sigurjónsdóttir	Jóhannes Helgi Þóroddsson (1960) Ragnar Þ Þóroddsson (1963) Guðjón Manases Stefánsson (1966)
1975-1977	Stefán Páll Georgsson Bryndís Anna Hauksdóttir	Heiðný Helga (1971) Stúlka (1973)
1974-1976	Gunnar Gunnarson Stella Hauksdóttir	Gunnar (1969) Haukur Arnar (1969) Dagbjört Anna (1975)
1977-1978	Guðmundur Þorgilsson Sigriður Ólafsdóttir	Ólafur Ragnar Hilmarsson (1962) Sigurður Þorgils Guðmunds. (1969) Guðrún S. Gurum. (1967) Anna Valdís (1975)
1979	Enginn	
1980-1983	Sesselía Benediktsdóttir	Ólafur Níelsson (1940)
1981	Hreiðar Leósson Jóna Aðalsteinsdóttir	Svavar Örn (1971) Elín Ása (1972) Adda Bára (1974)
1994	Elín Ása Hreiðarsdóttir Ari Jón Kjartansson	Einar Ön (2001) Elvar Már (2006)